

Mál nr. 381/2018

M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bætur úr ábyrgðartryggingu vegna umferðaróhapps

Gögn.

Málskot móttakið 23.11.2018 ásamt tveimur fylgiskjölum.
Bréf V dags. 3.12.2018.

Málsatvik.

M lýsir því að kl. 19:30 hinn 18. október 2018 hafi hann verið á akstri á Grindavíkurvegi og ekið þar í holu eða skemmd sem hafi valdið skemmdum á felgum og dekkjum bifreiðar hans, en meðfylgjandi málskoti er staðfesting á skemmdunum frá bílaumboðinu Öskju. M gerir athugasemdir við að engar merkingar eða varúðarskilti hafi verið á veginum og telur að starfsmenn A hefðu mátt sjá þessa skemmd í veginum og verið skylt að gera viðeigandi ráðstafanir í þeim tilgangi að varna óhöppum. Gerir M á grundvelli þessa kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji bótaskyldu ekki fyrir hendi, þar sem ekki megi rekja atvikið til saknæmrar og ólögðrættar háttsemi A, eða annarra aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Þannig hafi A ekki haft vitneskju um umrædda holu, og starfsmenn A hafi ekki verið á svæðinu þegar óhappið varð. Hins vegar hafi umrætt svæði verið vel merkt sem vinnusvæði og hámarkshraði verið lækkaður í 50 km/klst. Þá hafi skemmdin í veginum verið á malaröxli og því utan slitlags, en merkingar hafi sérstaklega varað við akstri utan slitlags. V hafnar því kröfum M.

Álit:

Ágreiningur málsins snýst um það hvort aðstæður á Grindavíkurvegi, þar sem A sá um vegaframkvæmdir, hafi verið þannig að A hafi bakað sér skaðabótaábyrgð þegar M ók ofan í holu á sem leiddi til tjóns á bifreið hans. Afar takmörkuð gögn um aðstæður á vettvangi liggja fyrir nefndinni en sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki liggur fyrir staðhæfing V um að A hafi ekki vitað af umræddri holu auk þess sem V heldur því fram að M hafi sjálfur verið valdur að óhappinu með aksturslagi sínu. M hefur ekki sýnt fram á hið gagnstæða og að starfsmenn A hafi valdið óhappinu með saknæmum hætti. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hallann af sönnunarskorti um atvik málsins. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. janúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.